

Nd.

154. Frumvarp til laga

um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur allra togaraútgerðarfyrirtækja hér á landi. Skal nefndin sérstaklega taka til athugunar, hvort hægt muni að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari en nú er, og á hvern hátt unnt sé að koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa, sem rekin hafa verið með tapi undanfarin ár.

Nefndin skili niðurstöðum rannsóknarinnar og tillögum til ríkisstjórnarinnar. Getur ríkisstjórnin, að þeim tillögum fengnum, falið nefndinni að rannsaka einstök atriði nánar, ef ástæða þykir til.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

2. gr.

Nefndin skal hafa heimild til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, af eigendum og stjórnendum togaraútgerðarfyrirtækja og öðrum, um þau atriði, sem hún telur þörf á við framkvæmd rannsóknarstarfa sinna. Einnig er nefndinni heimilt að rannsaka bækur og skjöl viðkomandi útgerðarfyrirtækja, og eru allir, sem hafa slíkar bækur og skjöl í sínum vörzlum, skyldir til að veita nefndinni aðgang að þeim.

3. gr.

Nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar, ef einhverjir eru, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða áskynja í starfi sínu og varðar einkamál einstakra manna eða fyrirtækja.

4. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 2. gr., skal sæta 10—200 kr. dagsektum, unz skyldunni er fullnægt.

Ef nefndinni eru gefnar rangar skýrslur, varðar það sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Nefnd sú, er ræðir um í 1. gr., skal kosin þegar eftir gildistöku laga þessara, ef gildistakan fer fram áður en Alþingi því, er lögin samþykkir, er slitið. Ef gildistakan fer fram síðar, skal nefndin þó kosin á Alþingi því, er lögin samþykkir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.